

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2014


Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilstækja o.fl., nr. 72/1994, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar og viðurlagaákvæði, 99. mál og umsögn um breytingu á lögum nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem notar orku, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar og viðurlagaákvæði), 98. mál.

Samtök atvinnulífsins biðjast afsökunar á því hve seint þessar athugasemdir koma fram.

Samtökin sendu áður inn umsögn um 99. mál í bréfi dags. 24. október sl. Þar var lögð áhersla á samræmi við frumvarp til laga um byggingarvörur (þingskjal 54) þannig að ekki sé verið að gera sambærilegar kröfur til sömu vara eftir mörgum lagabálkum. Þessar athugasemdir eiga einnig við um frumvarpið á þingskjali 98 um visthönnun vöru.

Sérstaklega er óskað eftir því að ákvæði í 3. mgr. 9. gr. b. í báðum frumvörpunum um ábyrgð birgðasala verði breytt til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um byggingarvörur (16. gr., þingskjal 54) og verði svohljóðandi: „*Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skall hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun rannsókn og prófun, svo og annan kostnað.*“ Ákvæðin yrðu þannig samræmd í öllum lögnum í stað þess að ákvæðin í lögum um merkingar og lögum um visthönnun vöru („*sturtuhausafrumvörpin*“) yrðu ekki í almennu samræmi við reglur um markaðseftirlit þar sem gengið er út frá því að vörur á markaði uppfylli kröfur þar til annað kemur í ljós og að stjórnvöld beri ábyrgð og kostnað af eftirlitinu þar til eitthvað ber út af.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður.